

FW: Samstarfsyfirlýsing um „Vestfirðir saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum“.

**Til** : Bæjarstjóri Vesturbyggð <baejarstjori@vesturbyggd.is>  
**Frá** : Kristján Óskar Ásvaldsson <koa01@logreglan.is>  
**Heiti** : FW: Samstarfsyfirlýsing um „Vestfirðir saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum“.  
**Málsnúmer** : 2302012  
**Málsaðili** : Lögreglustjórinn á Vestfjörðum m. kt  
**Skráð dags** : 17.01.2024 13:55:11  
**Höfundur** : Kristján Óskar Ásvaldsson <koa01@logreglan.is>

**Viðhengi** [Dagskrá drög.docx](#)[Dagskrá drög.docx](#)  
[Drög\\_samstarfsyfirlýsing.docx](#)[Drög\\_samstarfsyfirlýsing.docx](#)  
[image001.png](#)[image001.png](#)

Sæl Þórdís.

Ég sendi meðfylgjandi erindi á Arnheiði, sem er að mér skilst að sé ekki við þessa vikuna. En hún hefur verið fulltrúi sveitarfélagsins í þessu verkefni.

Erindið varðar að fá sveitarfélagið til þess að gefa einhverjum umboð til þess að rita undir meðfylgjandi samstarfsyfirlýsingu á fundi 13. febrúar nk. (Allir velkomnir á fundinn).

**Kristján Óskar  
Ásvaldsson**

Saksóknarfulltrúi  
*Almenn deild*

[koa01@logreglan.is](mailto:koa01@logreglan.is)

**Lögreglustjórinn á  
Vestfjörðum**

Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

[vestfirdir@logreglan.is](mailto:vestfirdir@logreglan.is)  
[4440410](tel:4440410)



[Um ábyrgð á tölvupósti](#)

**P**  
Vinsamlegast

**hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**

**From:** Kristján Óskar Ásvaldsson

**Sent:** miðvikudagur, 17. janúar 2024 13:44

**To:** 'Arnheiður Jónsdóttir'

**Subject:** FW: Samstarfsyfirlýsing um „Vestfirðir saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum“.

Góðan daginn.

Í haust var send beiðni á forsvarsfólk sveitarfélaganna á Vestfjörðum um að þau tækju þátt í svæðisbundnu samráði gegn ofbeldi og öðrum afbrotum en samráðið er liður í því að auka öryggi íbúa á svæðinu og bæta þjónustu við þolendur ofbeldis. Einkar ánægjulegt var að finna þann mikla stuðning við verkefnið sem kom fram í því

að öll sveitarfélögin lýstu yfir vilja til þátttöku. Jafnframt tilnefndu sveitarfélögin fulltrúa í framkvæmdateymi sem hefur það verkefni að koma samstarfinu á laggirnar.

Markmið svæðisbundna samráðsins er að auka sýnileika og aðgengi að þjónustu vegna ofbeldis, þróa og styrkja enn frekar samstarf gegn ofbeldi, efla viðbragðsaðila í að takast á við áföll og ofbeldi og koma á fót svæðisbundnum samráðsvettvangi vegna ofbeldis og annarra afbrota.?

Framkvæmdateymið hefur sett saman samstarfsyfirlýsingu og nú er komið að því að formgera samstarfið með því að undirrita samstarfsyfirlýsinguna og leggja drög að áætlun um næstu verkefni.

Hér með er óskað eftir áframhaldandi samstarfi við sveitarfélögin sem felst í því að þau taki þátt í samráðsfundi íbúa sem haldinn verður þriðjudaginn 13. febrúar 2024 kl. 11-16 í Sauðfjarsetrinu, Hólmavík og í undirritun samstarfsyfirlýsingarinnar um „Vestfirðir saman gegn ofbeldi og öðrum afbrotum“ sama dag.

Drög að dagskrá samráðsfundarins og yfirlýsingunni fylgja hér með í viðhengi.

**Kristján Óskar**  
**Ásvaldsson**  
Saksóknarfulltrúi  
Almenn deild

Lögreglustjórinn á  
Vestfjörðum  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður

[koa01@logreglan.is](mailto:koa01@logreglan.is)

[vestfirdir@logreglan.is](mailto:vestfirdir@logreglan.is)  
[4440410](tel:4440410)



[Um ábyrgð á tölvupósti](#)

**P**

**Vinsamlegast**

**hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing**